

RAFORKUMÁLASTJÓRI,  
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA UM JARÐSVEIFLUMÆLINGAR Í GRAFARVOGI OG VATNAGÖRÐUM

Eftir

Guðmund Pálmason

Júlí 1960

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild

Skýrsla um jarðsveiflumælingar í Grafarvogi og  
og Vatnagörðum, júlí 1960.

Að beiðni Almenna Byggingafélagsins, Reykjavík, hefur jarðhitadeild raforkumálastjórnarinnar gert athugun á dýpi á fast berg í Grafarvogi og Vatnagörðum. Athugunarnar voru gerðar dagana 6., 7., 8., 10., 12., 13. og 15. júlí s.l. og voru til þeirra notaðar jarðsveiflumælingar.

Niðurstöður urðu sem hér segir:

Grafarvogur:

Gerðar voru mælingar á alls 10 stöðum í nágrenni við Gufunesháspennulínuna og eru mælistaðirnir og dýpi á fast berg sýnt á meðfylgjandi uppdretti. Mesta dýpi er um 12,0 m nálægt miðjum vognum. Í nokkrum punktum hafa niðurstöðurnar ekki verið alveg ljósar og eru dýptartölur þar settar innan sviga, þar sem nákvæmni þeirra er minni en hinna.

Leirinn í vognum hefur um 1500 m/sek sveifluhraða, sem er fremur lágt og bendir til þess, að hann sé ekki mjög þéttur og vatnsinnihald hans sé hátt. Bergið undir hefur 3700 m/sek sveifluhraða, en það er sveifluhraði gamla blágrýtisins í nágrenni Reykjavíkur. Má því gera ráð fyrir, að það taki við undir leirnum.

Vatnagarðar:

Hér voru gerðar mælingar á grandanum milli lónsins og sjávar. Hér reyndist vera 2-3 m þykkt yfirborðslag með lágan sveifluhraða, um 500 m/sek, en þar fyrir neðan tekur við berg með um 2800 m/sek sveifluhraða. Ekki verður sagt um að svo stöddu hvers konar berg er hér um að ræða, en eftir sveifluhraðanum að dæma er það allþétt

og gæti t.d. verið harðnaður jökulruðningur. Gamla blágrýtið er báðum megin við grandann og hefur sveifluhraðann 3700 m/sek samkvæmt mælingu á tunganum austan við grandann. Ef gert er ráð fyrir, að gamla blágrýtið sé einnig undir grandanum, er það á það miklu dýpi, að svigrúm er ekki nægilegt á grandanum til að finna það dýpi með þeim tækjum, sem notuð voru. Mælingarnar benda til þess, að þetta dýpi sé a.m.k. um 25 m eða meira.

4. ágúst 1960

Guðmundur Pálmason

**RAFORKUMÁLASTJÓRI**

*Jarðfræðistærð*  
**Grafarvogur**  
*Jörðsveiflumælingar*

*5-1,5-2; Numer mælip. Dýpi áfastbergim*

5860 GP/PJ

Tr. 112

J-Reykjavík

Fnr 5083

1:2000

